

26.tbl.

20. júlí. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Bókamarkaður



Bókamarkaður verður haldinn í Gamla barnaskólanum Skógum Fnjóskadal helgina 23. og 24. júlí. Margt eigulegra bóka, en á boðstólnum verða bæði gamlar og nýrri bækur ss. ævisögur, skáldsögur, bundið mál og tímarit.

Stjórnin

ÞAR RAUÐUR LOGINN BRANN

Laugardaginn 23. júlí kl. 14-17

Það verður ævintýrleg stemning í Safnahúsinu á Húsavík þegar álfameyjar stíga á stöpla í fordyri.

Listaverkin eru útskorin af Ingibjörgu Helgu Ágústsdóttur frá Stykkishólmi sem hefur gert danskvæðið um Ólaf Liljurós að viðfangsefni sínu.

Verið hjartanlega velkomin í heimsókn á Mæruðögum!



Opnið alla daga í sumar 11-17



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

1. júní 2022 mun gjaldskrá Hlaupastelpunnar hækka

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.200– m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.100.–m vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386

Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan Þjóðlendu

Þingeyjarsveit auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð innan Þjóðlendu í Þingeyjarsveit. Lóðin sem um ræðir eru 52.172 m² í Réttartorfu. Þar fyrir er skáli í einkaeigu var byggður 1995. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur verða því að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín skálana ef af úthlutun lóðar verður.

Svæðið er í Þjóðlendu er nefnist Selland og afréttarland Skútustaða. Umrætt svæði er Þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun. Í ljósi þess þarf Þingeyjarsveitar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Þekking viðkomandi aðila á þessu svæði
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gistingu, s.s. gistingu á miðhálandinu og starfsemi afréttarskála
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti
- Lóðarhafi skal gæta þess að landið umhverfis skálann spillist ekki af mikilli umferð.

Upplýsingar um svæðið má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til Þingeyjarsveitar eigi síðar en 9. ágúst 2022.



Hlaupastelpan fer í frí frá 1. ágúst -14. ágúst 2022



Stórutjarnaskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir matráði

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- hefur yfirumsjón með eldhúsi og sér um matseld og almenn eldhússtörf
- skipuleggur matseðla í samræmi við ráðleggingar landlæknis um mataræði barna í leik- og grunnskólum
- annast innkaup matvæla og frágang og geymslu á þeim
- annast tilfallandi önnur störf s.s. í tengslum við fundi og uppbrotsdaga

Hæfnikröfur

- viðkomandi þarf að bera virðingu fyrir börnum
- þarf að hafa góða samskiptahæfni
- matreiðslumenntun er kostur
- þekking/reynsla af rekstri mótuneytis ásamt mannaforráðum er kostur
- þekking/reynsla af næringarfræði, sérfæði, gæðum og fjölbreytileika matar er kostur
- vera sjálfstæður í vinnubrögðum og sýna frumkvæði
- vera stundvís og lausnamiðaður

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendum frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og leggur áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og tekur einnig þátt í þróunarstarfi með skólum erlendis. Þá stefnir skólinn á að taka þátt í verkefni sem lýtur að því að auka nýtingu fæðu úr heimahéraði.

Starfshlutfall er 100% og eru laun samkvæmt kjarasamningum

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2022.

Umsóknarfrestur er til 30. júlí 2022.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@sturutjarnaskoli.is

Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@sturutjarnaskoli.is

Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá